



2. fundur stjórnar foreldrafélags Myllubakkaskóla skólaárið 2016-2017

fimmtudagur 17. nóvember 2016 kl.17 á Ráðhús Café

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Skúli Freyr Brynjólfsson gjaldkeri og Gunnhildur Þórðardóttir ritari.

1. Rætt var enn á ný um starfið framundan skólaárið 2016-2017 og ákveðið að halda þorablót og baðstofukvöld fyrir öll stigin 25/26. janúar, Spila og kaffihúsakvöld fyrir eldri krakkana 23. mars, ratleik og grilldag fyrir yngri stigið 26/27. apríl og nota útisvæði Myllu fyrir þann dag. Ákveðið að fá Sirkus Íslands á íþróttadaginn aftur 31. maí.
2. Senda út kynningarbréfið í næstu viku um foreldrafélagið til foreldra barna í Myllubakkaskóla. Gunnhildur semur og sendir til yfirlstrar.
3. Ákveðið að setja niður reglur um bekkjartengla þannig að það séu ekki sömu foreldrar sem taka þetta að sér. Vera tilbúin með betri kynningu á hlutverki foreldrafélags og bekkjartengla fyrir foreldarkvöldin að hausti 2017. Einnig að vera búin að manna stjórn foreldrafélagsins fyrir næsta haust.
4. Rætt var um að fá fyrirlesara fyrir foreldra um markmið barna og hvernig foreldrar geta hjálpað börnum sínum að ná þeim markmiðum. Rætt um að fá fyrirlesara héðan m.a. Unnar Sigurðsson og hafa fyrirlesturinn í Akademíunni í samstarfi við önnur foreldrafélög í hinum skólunum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 18